



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu mánudaginn 14.05.2012 kl. 17:15

Boðaðir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) og Víctor Ingi Olsen (VIO).

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Víctor Ingi Olsen (VIO). Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS) og Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) boðuðu forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

- 1) Fundargerð síðasta fundar – samþykkt
- 2) Skýrsla framkvæmdastjóra

Staða vallarframkvæmda

Aðalvöllurinn er tilbúinn. Vinnu við æfingavöllinn lýkur um næstu helgi. Nýtt hátalarakerfi verður sett upp í lok vikunnar. Sæti í stúku er væntanleg.

Sumarstarfsmenn

Framkvæmdastjóri átti fund með bæjarritara og mannauðsstjóra bæjarins, hluta óska knattspyrnudeildar var hafnað.

Nóri – skráningarkefið

Opið fyrir skráningu í íþróttaskólann. Engin reynsla komin á kefið einnþá.

Orlof ÞG

Verður erlendis 26.05 – 03.06. Þar af í orlofi í 4 daga 29.05. – 01.06.

- 3) Verkaskipting stjórnar

Tillaga formanns að verkaskiptingu stjórnar samþykkt,

Sigurður Bjarnason, varaformaður
Þorsteinn Þorbergsson, gjaldkeri
Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, ritari
Viðar Erlingsson, meðstjórnandi

- 4) Fundaplan aðalstjórnar og félagsráðs

Framkvæmdastjóra falið að boða fundi aðalstjórnar og félagsráðs fyrir starfsárið.

- 5) Nefndir UMF Stjörnunnar

Umræða um skipan og verkefni nefnda félagsins - niðurstaða



- **Afreksnefnd**

Ákveðið að setja á stofn afreksnefnd UMF Stjörnunnar.

Nefndin hafi forgöngu um sameiginlega fjáröflun til afreksstarfs félagsins og geri tillögur til aðalstjórnar um skiptingu teknanna milli deilda félagsins.

Nefndin leggi drög að heildarstefnu heildarstefnu félagsins í fjármögnun afreksstarfsins.

Sigurður Bjarnason er formaður nefndarinnar og kemur henni á fót. Gert er ráð fyrir að deildir félagsins tilnefni fulltrúa í nefndina.

- **Afmælisnefnd**

Nefndina skipa fimm menn. Nefndin er skipuð tímabundið tveimur árum fyrir heils tugar afmæli félagsins og lýkur störfum í lok afmælisárs.

Verkefni nefndarinnar er að skipuleggja, undirbúa og annast hátíðarhöld vegna heils tugar afmælis í samráði við aðalstjórn.

Ekki starfandi á þessu starfsári.

- **Fjárhagsnefnd**

Nefndina skipa 3 menn, þar af einn tilnefndur af Garðabæ. Verkefni nefndarinnar er að vera ráðgefandi fyrir aðalstjórn félagsins og stjórnir deilda varðandi fjárhagsleg málefni og úrlausn vandamála af fjárhagslegum toga.

Þorsteinn Þorbergsson, formaður.

- **Kvennahlaupsnefnd**

Nefndin annast undirbúning og framkvæmd Kvennahlaups ÍSÍ í Garðabæ.

Anna R. Möller, formaður.

- **Stjörnuhlaupsnefnd**

Engin skilgreining, taka hana saman

Þorsteinn Þorbergsson, formaður.

- **Mannvirkjanefnd**

Nefndina skipa 3 menn, þar af einn tilnefndur af knattspyrnudeild Stjörnunnar. Verkefni nefndarinnar er að vera ráðgefandi fyrir aðalstjórn félagsins varðandi uppbyggingu og rekstur þeirra mannvirkja sem félagið hefur með höndum.

Victor Ingi Olsen formaður.

- **Töflunefnd**

Íris Erlingsdóttir hefur yfirumsjón með töflugerð sem unnin er í samstarfi við deildir félagsins.

- **Laganefnd**

Stefnt er að stofnun laganefndar félagsins sem hafi það hlutverk að endurskoða lög félagsins og gera tillögur til aðalfundar um uppfærslu þeirra. Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir formaður. Leitað verði til þriggja fyrrverandi formanna félagsins um setu í nefndinni. Þá mun Sigurður Bjarnason varaformaður taka sæti í nefndinni.

- **Búninganefnd**



Búninganefnd starfar áfram að fyrirleggjandi málum undir stjórn JSI.

6) Erindi frá framkvæmdastjóra varðandi uppgjör orlofs

Aðalstjórn samþykkir erindi framkvæmdastjóra og felur gjaldkera að ganga frá málinu.

7) Önnur mál

Tiltektardagur

Formaður kynnti hugmynd að samfélagsverkefni UMF Stjörnunnar.

Formannsskipti körfuknattleiksdeild

Hilmar Júlíusson hefur tekið við formennsku í körfuknattleiksdeild af Gunnari Kr Sigurðssyni. Aðalstjórn fagnar Hilmari sem nýjum formanni og þakkar Gunnari heilldrjúg störf fyrir félagið.

Fundi stitið kl. 18:50.

Ritað PGr.